



Litla upplestrarkeppnin skólaárið 2023-2024 **Að verða betri í lestri í dag en í gær**

Litla upplestrarkeppnin hefst nú formlega í fjórtánda sinn. Það er óhætt að segja að keppnin sé orðin landsverkefni þar sem rúmlega þrjú þúsund nemendur í 4. bekkjum á landinu tóku þátt sl. skólaár. Litla upplestrarkeppnin hófst í Hafnarfirði á 15 ára afmæli Stóru upplestrarkeppninnar en verkefnið var mótað með kennurum sem þá kenndu fjórða bekk en undirrituð stýrði þeirri vinnu.

Litla upplestrarkeppnin byggir á sömu hugmyndafræði og Stóra upplestrarkeppnin þar sem ávallt er haft að leiðarljósi að keppa að betri árangri í lestri, munnlegri tjáningu og framkomu. Lögð er áhersla á virðingu og vandvirkni, allir nemendur eru með í liðinu, allir koma fram á lokahátíð og allir fá viðurkenningarskjal í lokin.

Kennarar sem hafa tekið þátt eru sammála um mikilvægi Litlu upplestrarkeppninnar og vekur hún bæði ánægju, eflir sjálfstraust og bætir lestrarfærni.

Mikil áhersla er lögð á samvinnu við heimilin og kennarar hvattir til að upplýsa foreldra um keppnina og í hverju verkefnið sé fólgið. Flestir foreldrar þekkja Stóru upplestrarkeppnina og því er nauðsynlegt og þarf að vera alveg ljóst frá upphafi að þó markmiðin séu þau sömu þá er verkefnið lagað að yngri nemendum og öll nálgun bæði á ræktunartímabilinu og á lokahátíð með öðrum hætti. Litla upplestrarkeppnin er sett formlega á degi ísl. tungu og lýkur þegar lokahátíðum Stóru upplestrarkeppninnar eru lokið.

Þá er áriðandi að hafa það í huga að keppnishugtakið í þessu verkefni felur einungis í sér að verða betri í lestri og framkomu í dag en í gær og það er mikilvægt að geta bæði keppt að betri árangri og sett sér markmið án samkeppni við aðra en sjálfan sig. Með auknum aldri og þroska verða nemendur betur í stakk búnir til að bera sig saman við aðra og vilja þá gjarnan keppa við félagana.

Allir hafa áhyggjur af lestrarfærni nemenda og Litla upplestrarkeppnin er einungis hugsuð sem stuðningur við þær aðferðir og vinnu sem er í gangi hjá kennurum hverju sinni. Sú aðferð sem virðist þó vekja mikla gleði og samkennd nemenda er talkórinn. Það má því með sannni segja að það hlýtur að haldast í hendur að lesa bæði sér til gagns og gamans.

Á haustdögum 2023.

Ingibjörg Einarsdóttir
Verkefnisstjóri og form. Radda, samtaka um
vandaðan upplestur og framsögn.